

## Skýrsla æskulýðsnefndar Hestamannafélagsins Neista

Æskulýðsnefnd Neista stóð fyrir nokkrum reiðnámskeiðum fyrir börn frá janúarlokum út apríl. Sex þátttakendur voru á pollanámskeiði á aldrinum 3-7 ára. Á almennum reiðnámskeiðum voru 7 börn á aldrinum 8-14 ára. Vegna Covid-19 náðist ekki að ljúka knapamerkjum 1 og 2 veturinn á undan en haldið var áfram kennslu í þeim síðastliðinn vetur. Voru 3 börn sem luku knapamerki 1 (ásamt 2 fullorðnum) en 2 börn luku knapamerki 2 (ásamt einum fullorðnum). Kennari á almennu reiðnámskeiði og pollanámskeiði var Guðrún Rut Hreiðarsdóttir en Bergrún Ingólfssdóttir kenndi knapamerkin.

Í lok vetrar var farið í reiðtúr með börnin sem verið höfðu á námskeiðum og haldin lítil lokaveisla í reiðhöllinni með grilluðum pylsum og leikjum.

Síðastliðið sumar var farið í reiðtúr með börn í Neista yfir Þingeyrasand og til baka.

Nokkur börn tóku þátt í mótum á vegum Neista síðastliðinn vetur en ekki var haldið sérstakt æskulýðsmót eins og oft áður.

Börnin stóðu sig frábærlega á námskeiðum. Ákveðinn kjarni hefur stundað námskeið á vegum Neista í all nokkur ár og er sérstaklega gaman að fylgjast með árlegum framförum þeirra.





